

Nr. 18-038 S 024 Skemmtibátur***Bátum hvolfir og menn fyrir borð***

Skipaskr.nr. Óskráður
 Tegund: Pioner 15
 Mesta lengd: 4,5 m
 Breidd: 1,8 m
 Fjöldi skipverja: 4

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA



Báturinn í fjörunni©Lögreglan

Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.


Atvikalýsing:

Þann 3. mars 2018 var opinn skemmtibátur á siglingu á Eyjafirði. Veður: NA 8 m/sek.

Bátum var siglt frá Árskógssandi í birtingu um morguninn og voru bátsverjar að fara til svartfuglsveiða. Um hádegi, þegar þeir voru á siglingu fyrir Hálshöfða, fékk báturinn á sig sjó með þeim afleiðingum að honum hvolfdi og bátsverjarnir fóru í sjóinn. Þeim tókst að synda í land og sendu út neyðarkall. Björgunarsveitarmenn komu á staðinn og hífðu þeir bátsverjana upp úr fjörunni en þeir voru blautir og kaldir.

Við rannsókn kom fram:

- að bátsverjarnir voru ekki með björgunarvesti um borð;
- að þeir sögðust hafa verið u.þ.b. 150 – 200 m frá landi og á tveggja til þriggja hnúta ferð þegar báturinn fékk sjóinn á sig;
- að eftir atvikið heyrðu bátsverjar frá aðilum kunnugum svæðinu að sigling þarna væri varhugaverð.



Staðsetning atviksins

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en ítrekar mikilvægi þess að ekki sé haldið á sjó án björgunarvesta.